

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1993, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 189, 22. maí 1992 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um mat og flokkun á kartöflum og gulrófum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 457 7. nóvember 1986 um mat og flokkun á kartöflum og gulrófum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.